



UPPLÝSINGATÆKNI Í MANNVIRKJAGERÐ



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Hagnýtt nám fyrir atvinnulífið
í iðn- og tæknifræðideild HR

Upplýsingatækni í mannvirkjagerð

Gráða:
Diplóma

//

Lengd náms:
2 annir

//

Fjöldi eininga:
30

//

Fyrirkomulag:
**Nám
samhliða
vinnu**

Í þessu diplómanámi öðlast nemendur reynslu, þekkingu og færni í að leysa flókin og þverfagleg vandamál og stjórna verkefnum með notkun upplýsingalíkana í mannvirkjagerð (BIM - Building Information Model).

Eftirsótt þekking

Upplýsingalíkon í mannvirkjagerð auka gæði hönnunar og framkvæmda og stuðla að hagkvæmari byggingum. Þá nýtast upplýsingalíkon við rekstur mannvirkja á líftíma þeirra. Stefnt er að því að innan fárra ára verði það meginregla að nota upplýsingatækni í byggingariðnaði við byggingu allra stærri opinberra mannvirkja á Íslandi. Atvinnulífið kallar því eftir starfsfólki með þessa þekkingu og færni.

Námið er kennt samhliða vinnu. Kennt er seinni partinn, tvo til þrjá daga í viku á virkum dögum í tvær annir.

Fyrir hverja er námið?

Diplómanámið hentar vel þeim sem starfa í byggingariðnaði og við mannvirkjagerð. Má þar nefna sérstaklega byggingarstjóra, byggingariðnfræðinga, tækni-fræðinga, verkfræðinga, arkitekta og byggingafræðinga. Námið hentar einnig þeim sem vilja sérhæfa sig í þeim stafrænu umbreytingum sem nú eiga sér stað.

// hr.is/grunnam/idnfraedi/upplysingataekni-i-mannvirkjagerd

// itd@ru.is

